



Skagafjörður

TJALDSVÆÐI VIÐ BORGARGERÐI

Deiliskipulag Skipulagslýsing



Mælikvarði 1: 1000

Lofmynd: Lofmyndir ehf

SKIPULAGSLÝSING

Skipulagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir Skagafjörð. Lýsingin gerir grein fyrir fyrirhugaðri vinnu við gerð deiliskipulagsins og í henni koma fram áherslur sveitarfélagsins og framtíðarsýn varðandi uppbyggingu við nýtt tjaldsvæði á Sauðárkrók. Í lýsingunni eru einnig upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Með kynningu skipulagslýsingar gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið sín í upphafi skipulagsvinnunnar.

VIÐFANGSEFNI OG FORSENDUR

Helsta markmið deiliskipulagsins er að setja fram stefnu um umgjörð og skipulag fyrir nýtt tjaldsvæði á Sauðárkróki þar sem fyrirhugað er að núverandi tjaldsvæði á Flæðum víki vegna uppbyggingar menningarhúss. Nýju tjaldsvæði er ætlað að bjóða upp á fjölbreytt og rúmgott svæði til að taka á móti þeim fjölda tjaldsgesta sem koma ár hvert til Sauðárkróks. Einnig er gert ráð fyrir að tjaldsvæðið geti byggst upp í áföngum og hafi stækkunarmöguleika en skipulaginu er ætlað að skapa ramma um skynsamlega uppbyggingu til lengri tíma. Unnin var frumhönnun af svæðinu árið 2024 og byggir skipulagið að á þeirri vinnu.

Viðfangsefni deiliskipulagsins eru m.a.:

-Huga að ólíkum gistimöguleikum fyrir hefðbundin tjöld og ferðavagna, þ.m.t. húsbíla, fellihýsi, tjaldvagna og bílatjöld.

-Skilgreining á aðkomu, vegakerfi, þjónustusvæðum, byggingarreitum og bílastæðum.

-Skipulag grænna svæði, leiksvæða, stígakerfis og umgjörð tjaldsvæðisreitsins.

SKIPULAGSSVÆÐIÐ

Skipulagssvæðið er 11,6 hektarar. Norðurmörk liggja rétt sunnan við Sauðá. Austurmörk liggja að Sauðárkróksbraut. Suðurmörkin liggja að Skagfirðingabraut og vesturmörkin liggja að Borgargerði. Einu mannvirkin innan svæðisins er hundagerði en að öðru leiti hefur svæðið á seinni tímum aðalega verið nýtt sem jarðvegstíppur.

NÚVERANDI SKIPULAG

Ekkert deiliskipulag er hefur verið unnið fyrir reitin en í aðalskipulagi er reiturinn skilgreindur sem afþreyingar- og ferðamannasvæði AF402. Um þann reit segir: „Framtíðar tjaldsvæði á Sauðárkróki. Uppbygging verður áfangaskipt. Aðkoma að tjaldsvæði verður um Borgargerði. Hjóðmanir og gróður verður meðfram Sauðárkróksbraut. Stærð reits er 11,6 ha og leyfilegt byggingarmagn 150 m²“.

Þrjú deiliskipulög eru í gildi við skipulagsvæðið. Fyrir norðan er í gildi deiliskipulag athafnarsvæðis, fyrir sunnan deiliskipulag íbúðarbyggðar Sveinstúns og fyrir vestan deiliskipulag leikskóla. Ekkert þessara skipulaga mun þó eiga sameiginleg skipulagsmörk með tjaldsvæðis- reitnum þar sem götur og græn svæði skilja skipulögin að.

ÁHRIFAMAT

Í deiliskipulaginu verða ekki skilgreindar heimildir sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lagt verður mat á áhrif skipulagsins á umhverfið í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Í skipulaginu verður sett fram húsaskráning fyrir svæðið sbr. 16. gr. laga um menningarminjar og 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fornleifaskráning fór fram á svæðinu árið 2005 fyrir Sauðá í Borgarsveit og árið 2017 vegna lagningar jarðstrengs frá Varmahlíð að Sauðárkróki. Ekki eru þekktar minjar innan skipulagsins utan mjög stuttur kafli gamla flugvallarins sem var hætt að nota 1976 en sá kafli er nú uppgrönn.

Við vinnslu skipulagsins verður leitað umsagna hjá Minjastofnun. Ef áður óþekktar minjar finnast á svæðinu er vísað til 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



Aðalskipulag Skagafjarðar 2025-2040
Þéttbýlisuppdráttur Sauðárkrókur 1:10.000

ÁBENDINGAR OG UMSAGNIR

Skipulagslýsing þessi verður aðgengileg á heimasíðunni sveitarfélagsins skagafjordur.is, í Ráðhúsi Skagafjarðar og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, skipulagsgatt.is undir málsnúmerinu XXX/2026. Kynningartími og skilafrestur ábendinga kemur fram í auglýsingu.

Óskað er eftir ábendingum og sjónarmiðum frá almenningi og hagsmunaaðilum. Þeim er hægt að koma á framfæri á skipulagsgáttinni undir fyrrnefndu málsnúmeri. Einnig er hægt að senda skriflegar ábendingar á sveitarfélagið Skagafjörð, Skagfirðingabraut 17-21, 550 Sauðárkrókur eða á netfangið skipulagsfulltrui@skagafjordur.is.

Merkja þarf ábendingar „Tjaldsvæði við Borgargerði“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Ábendingar verða hafðar til hliðsjónar í skipulagsvinnunni en þeim verður ekki svarað með formlegum hætti.

SKIPULAGSFERILL

Stefnt er að því að kynna skipulagslýsingu á íbúafundi á meðan kynningartíma stendur. Síðar verða skipulagsdrög kynnt og þá gefst aftur kostur á að senda inn ábendingar. Fullunnin tillaga verður auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga með sex vikna athugasemdafresti. Skipulagsnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytinga á tillögunni skal auglýsa hana að nýju annars gengur skipulagsnefnd frá tillögunni til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær samþykka tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis:

- Apríl / maí 2026. Skipulagslýsing kynnt með þriggja vikna ábendingafrest og stefnt að því að halda íbúafund til að kynna skipulagið.
- Maí / júní 2026. Skipulagsdrög kynnt á íbúafundi eða með öðrum fullnægjandi hætti.
- September / október 2026. tillaga auglýst með sex vikna athugasemdafresti.
- Desember 2026. Stefnt að gildistöku skipulagsins.



Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 32 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is

TJALDSVÆÐI VIÐ BORGARGERÐI
Deiliskipulag
Skipulagslýsing

KVARDI A1 1:1000 DAGS. 15. apríl 2026 SKIPULAG: ABÓ
VERKNR. SSDS-2203C TEIKN nr. 1 TEIKNAD: ABÓ